

**Þing Fimleikasambands Íslands**  
Haldið í fundarsal í Naustaskóla, Hólmatúni 2, 600 Akureyri,  
28. maí 2017.

## 1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

### 1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Arnar Ólafsson, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaþings 2017.

## 2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

### 2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Arnar Ólafsson leggur til að Þórir Haraldsson verði Þingforseti, Sæunn Viggósdóttir og Íris Mist Magnúsdóttir þingritarar og að kjörbréfanefnd verði skipuð Olgu Bjarnadóttur, Höllu Karí Hjaltested og Evu Hrund Gunnarsdóttur. Þórir tilnefnir einnig Sólveigu Jónsdóttur sem annan þingforseta.

### 2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma. Vantaði upp á að ársreikningur og fjárhagsáætlun var sent út á réttum tíma. Þingforseti óskar eftir að þingið staðfesti lögmæti fundarins þrátt fyrir það verði ársreikningur og fjárhagsáætlun tekin til umfjöllunar. Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt. Forseti vonar að þingið verði starfsamt.

Þórir gerir athugasemd varðandi þinggerð 2016 þar sem að hann bendir á að hún er ekki fullnægjandi, í hana vantar endanleg þinggögn. Þar er fjallað um fjárhagsáætlun, gerðar breytingar og hún samþykkt. Endanlegar tillögur koma ekki fram í þinggerð heldur bent á þingskjöl og það er ekki fullnægjandi. Þórir óskar eftir að þessi ábending verði tekin til greina til framtíðar.

### 2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Halla Kari Hjaltested, Olga Bjarnadóttir og Eva Hrund Gunnarsdóttir

Þau fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.

Þingforseti leggur til að breyting verði gerð á dagskrá, ávarp gesta koma aftur fyrir skýrslu stjórnar og fastanefnda.



### 3 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

#### 3.1 Skýrsla stjórnar

Arnar Ólafsson, formaður, fór yfir skýrslu stjórnar og gerði þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Hann vísar í framlagða ársskýrslu FSÍ.

Fer með ávarp formanns – kynnir stjórnina og þakkar þeim fyrir farsælt samstarf á starfsárinu.

#### 3.2 Fræðslunefnd

Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar flutti skýrslu fræðslunefndar. Aðrir nefndarmenn: Andrea Dan Árnadóttir, Fanney Magnúsdóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson.

Hlín fór yfir það helsta í starfi fræðslunefndar, en skýrsla hennar er í skýrslu stjórnar. Hún þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni, stjórn Fimleikasambandsins og starfsfólki ásamt félögunum sem veita nefndinni stuðning á svo mörgum sviðum.

#### 3.3 Nefnd um fimleika fyrir alla

Hlíf Þorgeirsdóttir formaður nefndar um fimleika fyrir alla er fjarverandi og mun Sæunn Viggósdóttir varaformaður fjalla um skýrslu nefndarinnar og gera grein fyrir störfum nefndar um fimleika fyrir alla. Aðrir nefndarmenn: Guðrún Tryggvadóttir, Óli Geir Jóhannesson, Stefanía Eyþórsdóttir.

Sæunn fór yfir það helsta í starfi nefndarinnar, en skýrsla hennar er í skýrslu stjórnar.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin

#### 3.4 Tækninefnd í hópfimleikum

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, formaður tækninefndar í hópfimleikum hélt kynningu á skýrslu nefndarinnar, en hún er í skýrslu stjórnar. Aðrir nefndarmenn: Henrik Pilgaard, Ragnar Magnús Þorsteinsson, Kristinn Þór Guðlaugsson og Ágústa Dan Árnadóttir.

Bergþóra þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

#### 3.5 Tækninefnd kvenna

Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna vísar í skýrslu stjórnar um störf nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn: Hlín Bjarnadóttir, Hildur Ketilsdóttir, Andrea Dan Árnadóttir og Ragna Þyrí Ragnarsdóttir.

Berglind þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.



### 3.6 Tækninefnd karla

Formaður tækninefndar karla er Sigurður Hrafn Pétursson og vísar hann í skýrslu stjórnar um störf nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn: Anton Heiðar Þórólfsson, Axel Ólafur Þórhannesson, Zoltán Demény og Daði Snær Pálsson.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

## 4 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

### 4.1 Reikningar sambandsins lagðir fram með álitum skoðunarmanna

Arnar Ólafsson kynnir reikninga sambandsins.

## 5 Ávörp gesta

Ingi Þór Ágústsson heldur ávarp fyrir hönd Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Hann hrósar FSÍ fyrir að standa vel að fræðslumálum og hvetur FSÍ til að gera meira í því að kynna það hversu vel fimleikabjálfarar eru menntaðir. Hann bendir á að fimleikar eru frábær íþrótt og góður grunnur.

Hann fjallar um að árið hafi verið mjög gott hjá greininni, bæði í afreksmálum og í skoðun á innra starfi. Hann hrósar FSÍ fyrir að leggja augljóslega mikla vinnu í að undirbúa komandi breytta tíma varðandi afreksmál. Mikil aukning er á framlögum úr afrekssjóði ÍSÍ og hann fagnar því að FSÍ hefur þegar lagt mikla vinnu í að undirbúa þessa breyttu tíma.

Innra starfið er gott, skipulag er gott og vel unnið. Hann bendir á að það mætti betur fara í upplýsingagjöf til foreldra til að kynna hversu gott starfið er og hvað krakkarnir eru að gera á æfingum.

## 6 Umræða um skýrslu stjórnar, skýrslur nefnda og ársreikninga.

Enginn tók til máls, Þórir þakkaði fyrir góða vinnu í skýrslum.

Ábending frá þingheimi að tillögur voru ekki sendar út í númeraröð, ábendingin færð til bókar og verður tekin til greina að ári.

## 7 Álit kjörbréfanefndar.

Formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir álitum kjörbréfanefndar.

Kjörbréf hafa borist frá 16 fimleikadeildum/félögum. Samkvæmt lögum FSÍ eiga 30 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn kjörbréf. Alls voru 98 á kjörbréfastum og 7 varamenn.

Við nafnakall voru 64 þingfulltrúar mættir, þingfulltrúar þurfa að vera á staðnum til að geta greitt atkvæði.



Þingfulltrúar voru mættir frá eftirtöldum félögum:

Keflavík, 2 fulltrúar

Dalvík, 2 fulltrúar

Fjölnir, 6 fulltrúar

Þór, 2 fulltrúar

FIMAK, 11 fulltrúar

Selfoss, 4 fulltrúar

Völsungur, 1 fulltrúi

Gerpla, 16 fulltrúar

Gróttá, 3 fulltrúar

Stjarnan, 9 fulltrúar

Björk, 4 fulltrúar

Fylkir, 3 fulltrúar

Árman, 2 fulltrúar

Höttur, 3 fulltrúar

Kjörbréfanefnd lagði til að ofangreind kjöbréf yrðu samþykkt og samþykkti þingið það samhljóða.

## **8 Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.**

### **8.1 Reikningar bornir undir atkvæði**

Samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

## **9 Fundargerð síðasta þings lögð fram til staðfestingar.**

### **9.1 Fundargerð síðasta þings**

Fundargerð síðasta þings sem haldið var í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík 13. maí 2016 var send formönnum félaga og liggur hér frammi.

Fundargerð staðfest af þingheimi.

## **10 Kosning formanna starfsnefnda þingsins.**

### **10.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.**

*Kosning formanna starfsnefnda þingsins:*



Lagt er til að eftirtaldir verði formenn starfsnefnda þingsins:

- a) Fjárhagsnefnd Arnar Ólafsson
- b) Mótanefnd Íris Svavarsdóttir
- c) Allsherjarnefnd Guðrún Tryggvadóttir
- d) Laga og reglugerðanefnd Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir

Tillaga samþykkt.

**11 Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun næsta starfsárs og vísar til fjárhagsnefndar.**

**12 Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta starfsárs og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.**

**13 Teknar fyrir tillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið og þeim vísað í starfsnefndir.**

**14 Starfsnefndir þingsins taka til starfa.**

Þingskj	1	5. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	2	8. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	3	9. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	4	12. gr. og 18. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	5	19. gr. laga	Laganefnd
Þingskj	6	Tillaga Stjórnunnar um vinnuleiðbeiningar í mótahaldi	Mótnefnd
Þingskj	7	Tillaga Stjórnunnar um mótaplan í meistaraflokki	Mótnefnd
Þingskj	8	Tillaga Stjórnunnar um fjölgun liða í meistaraflokki í hópfimleikum	Allsherjarnefnd
Þingskj	9	Tillaga Fimak um verðlaunaafhendingu á bikmóti FSÍ	Mótnefnd
Þingskj	10	Tillaga Stjórnunnar um vinnuleiðbeiningar varðandi lækni á mótum	Allsherjarnefnd
Þingskj	11	Tillaga Gerplu um dómaramiðurröðun	Allsherjarnefnd
Þingskj	12	Tillaga Stjórnunnar um systkinaafslátt	Fjárhagsnefnd
Þingskj	13	Tillaga Stjórnunnar um mótagejöld	Fjárhagsnefnd
Þingskj	14	Tillaga Stjórnunnar um dómargreiðslur	Fjárhagsnefnd



Pingskj	15	Afreksstefna	Allsherjarnefnd
Pingskj	16	Fjárhagsáætlun	Fjárhagsnefnd
Pingskj	17	Starfsáætlun	Fjárhagsnefnd

## 15 Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.

## 16 Atkvæðagreiðsla um tillögur úr nefndum:

Þingforseti leggur til að við treystum hvort öðru til þess að aðeins þeir kjósi sem eru á kjörbréfum en ekki verði gert sérstakt nafnakall fyrir afgreiðslu mála og var það samþykkt.

### Allsherjarnefnd

#### Pingskj 15

Afreksstefnan – gerðar voru breytingar í nefndinni og nýtt skjal lagt fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða. – *er send með gögnum sem viðhengi*

#### Pingskj 10

Tillaga Stjórnunnar um vinnuleiðbeiningar varðandi lækni á mótum – samþykkt í nefnd.

Tillagan er svohljóðandi:

*Verklagsleiðbeiningar til mótshaldara verði bættar með það í huga að bæta lýsingu á aðstöðu og staðsetningu sjúkrastöðvar á mótum.*

*Nýtt orðalag verkleiðbeininga mótshaldara verði:*

*- Læknir/sjúkraþjálfari: á fimleikamótum er nauðsynlegt að hafa lækni eða sjúkraþjálfara til staðar ef slys eða önnur meiðsla eiga sér stað í upphitun eða keppni. Sá aðili tekur ákvörðun um frekari meðferð t.d. hvort að viðkomandi aðili þurfi að fara bráðamóttöku og hvort þurfi sjúkrabíl. Einnig getur þessi aðili ákvarðað í samráði við keppenda og eða þjálfara hvort að viðkomandi sé keppnisfær. Huga þarf að góðri staðsetningu í sal fyrir lækni/sjúkraþjálfara. Þar þarf m.a. að hafa í huga gott sjónarhorn að helstu landingarsvæðum, hæfilega nálægð svo hægt sé að bregðast fljótt við ef slys ber að höndum og ekki of nálægt undirbúningssvæðum keppenda til að tufla síður einbeitingu annarra keppenda. Hafa þarf í huga að útgönguleiðir og aðgengi sjúkrabíla sé í lagi.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.



## **Þingskjal 8**

Tillaga Stjórnunnar um fjölgun liða í meistaraflokki í hóp fimleikum – samþykkt í nefnd.

Tillagan er svohljóðandi:

*Þing FSÍ haldið á Akureyri 29. apríl 2017 skorar á stjórn FSÍ að skipa vinnuhóp sem leitar leiða til að fjölga liðum í meistaraflokkum í hóp fimleikum.*

*Allsherjarnefnd fellst á tillögu Fimleikadeildar Stjórnunnar og leggur til að vinnuhópurinn samanstandi af fólki úr öllum landshlutum.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **Þingskjal 11**

Tillaga Gerplu um dómara niðurröðun – samþykkt í nefnd.

Tillagan er svohljóðandi:

*Að skipulag á niðurröðun dómara í erlendum verkefnum verði klárt fram í tímann sé það möguleiki með fyrirvara um breytingar til að mynda ef enginn keppandi er sendur á mótið.*

*Greinagerð: Nauðsynlegt er fyrir alþjóðlega dómara að eiga möguleikann á því að skipuleggja vinnuna sína fram í tímann með tilliti til þátttöku í dómgæslu á alþjóðlegum mótum. Það er mikill heiður að vera valinn til dómgæslu á alþjóðlegu móti og góður fyrirvari er oftast heppilegri til að fá frí frá daglegri vinnu til að geta tekið þátt í dómara starfunum.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **Mótanefnd**

### **Þingskjal 6**

Tillaga Stjórnunnar um vinnuleiðbeiningar í mótahaldi – Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Tillagan er svohljóðandi:

*FSÍ tilkynni með a.m.k. 4 vikna fyrirvara fyrir meistaraflokksmót hvaða áhöld verða notuð á mótinu með það fyrir augum að lið geti gert ráðstafanir til að fá æfingar á þau áhöld ef þurfa þykir.*

*Miklar umræður fóru fram um þetta. Allir nefndarmenn voru sammála um að þetta gæti ekki verið annað en keppendum til hagsbóta. Hinsvegar þyrfti að vera skýrt hvaða upplýsingum væri verið að kalla eftir og málið því sent áfram til stjórnar til frekari úrvinnslu.*



Ályktun mótanefndar:

- Að það liggi fyrir með góðum fyrirvara hvaða áhöld eru notuð.
- Vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu.
- Nefndin tekur vel í það að sendur verður út listi.

Tillögu vísað til stjórnar.

### **Þingskjal 7**

Tillaga Stjórnunnar um mótaþlan í meistaraflokki – Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Tillagan er svohljóðandi:

*Ef Íslandsmót í meistaraflokki í hóp fimleikum er komið til að vera fyrstu helgina í apríl skal fækka mótum úr þremur í tvö svo lengri tími sé á milli móta.*

- Að passa að fjölmiðlar stjórnri ekki mótunum alfarið.
- Við viljum fá fleiri meistaraflokka á landinu og spurning hvort að þetta væri rétt skref fyrir íþróttina.
- Gæti þetta verið á kostnað landsbyggðinnar? Yrðu mótin 2 alltaf í Reykjavík?
- Bera hag keppenda fyrir brjósti. Fara inn í maí – prófatörn.

*Mótanefnd telur mikilvægt að bera hag keppenda fyrir brjósti. Huga þarf betur að því að keppnistímabilið og dreyfing móta sé í hag keppenda.*

- Huga að keppnistímabil og dreyfing móta sé í hag keppenda

Tillögu vísað til stjórnar.

### **Þingskjal 9**

Tillaga Fimak um verðlaunaafhendingu á bikmóti FSÍ – tillögunni var skipt upp í tvær tillögur: Fyrri hluti tillögunnar stendur sem þingskjal 9 og nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Tillagan er svohljóðandi:

*Þing FSÍ haldið á Akureyri 29. apríl 2017 samþykkir að fela stjórn að taka fyrirkomulag í 4. og 5. þrepi liðakeppni áhaldafimleika til endurskoðunar að því er varðar gestakeppendur, með hliðsjón af eftirfarandi tillögu frá FIMAK sem rædd var á þinginu:*

*Á Bikarmótum FSÍ í 4. og 5. þrepi í áhaldafimleikum er keppt í liðakeppni (um er að ræða 9-13 ára krakka) þar sem liðin skipa 7 manns og 5 hæstu telja. Til viðbótar er hægt að skrá gestakeppendur*





sem ekki tilheyrir liði félagsins á nokkurn hátt en þeir hafa tök á að bæta árangur vetrarins og vinna sér inn þátttöku á Íslandsmót hafi þeir ekki þegar gert það. Hér geta félög lent í þeirri stöðu að þurfa að skrá einn gest sem stendur þá einn eftir ef liðið lendir í verðlaunasæti. Í ljósi þess hve ungir keppendur eru á þessu móti er agalegt að leggja þetta á krakkana því í flestum tilfellum eru það þau allra yngstu sem lenda í gestahlutverkinu.

Við óskum eftir að FSÍ taki þetta fyrirkomulag til endurskoðunar og breyti sínum reglum þannig að hægt verði að skrá varamenn liða sem fái þá einnig verðlaun ef liðið hafnar í sæti (eins og gerist í öðrum íþróttum). Þetta er ekki kostnaðarsöm breyting ef tekið er mið af því að hún skapar meiri ánægju á keppnisgólfinu. Eðlilegast væri að leyfa allt að 3 varamenn, þá geta félög með 9 krakka sent eitt lið og allir fá verðlaun nái liðið verðlaunasæti. Ef félagið hefur hins vegar 10 krakka getur það valið að senda inn tvö lið til keppni með 5 manns eða eitt sjö manna lið og enga varamenn heldur 4 gesti. Þannig er komið í veg fyrir að einn keppandi standi eftir á gólfinu meðan félagarnir fá allir verðlaun. Til að sporna við auknum kostnaði mætti vera með varaverðlaun fyrir þau lið sem skipa fleiri keppendur sem síðan yrði skipt út fyrir rétt verðlaun nokkrum dögum eftir keppni. Þá er ekki verið að framleiða of mikið af verðlaunum sem ganga af.

Tillögu vísað til stjórnar.

Seinni hluti tillögunnar er kynnt sem nýtt þingskjal og fær það númerið 18, nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Tillagan er svohljóðandi:

*Að reglur varðandi a og b keppni í 4. og 5. þrepi verði yfirfærðar í 3. þrep vegna fjölda keppenda í 3. þrepi. Þannig myndi lið 1 frá hverju félagi lenda í a-keppni og önnur lið í b-keppni svo lengi sem liðafjöldi í b-keppni nái 5 eins og gildir um c-keppni í 5. þrepi.*

Tillögu vísað til stjórnar.

## Laganefnd

### Þingskjal 1

5. gr. laga – samþykkt í nefnd.

Tillagan er svohljóðandi:

#### **5. gr. Stjórnkerfi FSÍ og hlutverk**

- c. Formannaráð sem skipað er stjórnarmönnum FSÍ, aðal- og varamönnum, formönnum deilda/félaga innan héraðssambanda / íþróttabandalaga / fimleikaráða og framkvæmdastjórum þeirra þar sem við á.

...



**Greinargerð:**

Fimleikahreyfingin hefur stækkað mikið síðustu ár og iðkendum fjölgað. Með stækkun hreyfingarinnar eru mörg félög, með töluverðan fjölda starfsmanna í vinnu, og hafa mörg félög nú ráðið framkvæmdastjóra í hlutastarf eða fullt starf, sem bera daglegan rekstur félagsins og því eðlilegt að þeir eigi sæti á fundum formannaráðs.

Uppfæra þarf gr. 20 í samræmi við 5. gr verði hún samþykkt.

-----

**Umræður:**

Gerð var grein fyrir tillögunni og greinargerðinni sem fylgdi henni.

Rætt var um tilgang ráðsins skv. lögum FSÍ (20, gr.), og það að fundina mætti nýta betur sem raunverulega samráðsfundi frekar en einhliða kynningarfundir þar sem stjórn FSÍ kynnir þau mál sem FSÍ er með til meðferðar á hverjum tíma. Of knappur tími sé oft skammtaður til að almennilegar umræður og skoðanaskipti geti átt sér stað. Formannaráðið mætti fá betri vettvang og meiri tíma til að koma sínum skoðunum og hugmyndum að.

Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna sem lögð er fyrir þingið og var hún samþykkt samhljóða af nefndarmönnum.

Tillaga samþykkt samhljóða

**Þingskjal 2**

8. gr. laga – samþykkt í nefnd.

Tillagan er svohljóðandi:

**8. gr. Réttur til setu á Fimleikabingi**

Fimleikabing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum FSÍ með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði.

Fjöldi fulltrúa hvers íþróttabandalags eða héraðssambanda á fimleikabingi ákvarðast af tölu skráðra iðkenda aðildarfélaga/deilda miðað **við fjölda iðkendaleyfa í Leyfiskerfi FSÍ þann 31. desember árið á undan.**

...

**Greinargerð:**

Á Fimleikabingi 2016 voru samþykktar breytingar á lögum FSÍ sem heimila stjórn að taka upp leyfiskerfi sem taki til iðkenda, þjálfara, keppenda, dómara og félaga. Leyfiskerfi FSÍ fór af stað sl.



haust og tekur nú til iðkenda, þjálfara og keppenda og eru leyfi skráð í gegnum Þjónustugátt FSÍ sem tekin var í notkun samhliða leyfiskerfinu.

Leyfiskerfið heldur utan um virka félagana innan hreyfingarinnar og því rökrétt skref í áframhaldandi þróun að notast við það þegar fjöldi þingfulltrúa er ákvarðaður.

-----

#### **Umræður:**

Gerð var grein fyrir tillögunni og þá greinargerð sem fylgdi henni.

Spurt var um hvað sé átt við með orðinu „virkir“ iðkendur og úr hvaða kerfi upplýsingar eru fengnar. Gert var grein fyrir því, og að nýtt skráningarkerfi í kringum leyfiskerfi FSÍ muni halda utan um þetta. Allir sem iðki fimleika á Íslandi eigi að vera skráðir í kerfið því þeir séu að iðka fimleika, nýta þjálfarana og fá tryggingar sem fyrirhugaðar eru að verði innan kerfisins. Skráning í Felix gefi ekki alltafrétta mynd af því hverjir raunverulega „virkir iðkendur“ séu, enda dæmi um að aðilar sem séu löngu hættir iðkun séu skráðir enn í kerfið, auk þess sem hættu á tvískráningum geti verið nokkur o.fl.

Spurt var einnig út í það hvaða breytingar þetta muni hafa á þingfulltrúatölur. Rætt var um að þær muni væntanlega geta breyst vegna þeirra galla sem lýst var að gætu verið á skráningum í Felix, en leyfiskerfið á að geta sýnt mun betur raunfjölda virkra iðkenda, og rétt sé að þingfulltrúar miðist við slíkar réttari tölur.

Nefndin var sammála um að þessi breyting sé af hinu góða og muni ýta undir réttari skráningu iðkenda.

#### Umræða í þingsal

Auður Vala fer upp í pontu og bendir á að hún vilji skýrari upplýsingar um hversu miklu þetta breytir í þingfulltrúafjölda.

Olga Bjarna kom upp í pontu og bendir á að réttast sé að þeir sem eru að greiða til FSÍ og nýta þjónustu FSÍ fái rétt til þingsetu, ekki einhver „drauga“nöfn í Felix.

Tillaga samþykkt samhliða

#### **Þingskjal 3**

9. gr laga – Nefndin gerði breytingu á orðalagi og leggur tillöguna svohljóðandi fram:

#### **9. gr. Dagskrá fimleikaþings**

- 1) Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.
- 2) Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.
- 3) Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.





- 4) **Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.**
- 5) **Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.**
- 6) **Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.**
- 7) Ávörp gesta.
- 8) Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.
- 9) **Reikningar bornir undir atkvæði.**
- 10) Kosning formanna starfsnefnda þingsins. Stjórn FSÍ skal skipa erindum sem berast þinginu til umfjöllunar í starfsnefndir þingsins. Stjórn getur falið fleiri en einni nefnd að fjalla um einstakar tillögur. Heimilt er að eftirtaldar starfsnefndir starfi á þinginu:
  - a) nefnd um áhaldafimleika karla
  - b) nefnd um áhaldafimleika kvenna
  - c) nefnd um hópfimleika
  - d) nefnd um almenna fimleika/fimleika fyrir alla
  - e) fræðslunefnd
  - f) laga- og reglunefnd
  - g) fjárhags- og útbreiðslunefnd
  - h) aðrar nefndir samkvæmt ákvörðun þings hverju sinni
- 11) Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun til næstu tveggja ára og vísar til fjárhagsnefndar.
- 12) Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.
- 13) Kynntar breytingar á lögum sambandsins og tillögur sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til umsagnar viðeigandi starfsnefnda þingsins.
- 14) Starfsnefndir þingsins taka til starfa.
- 15) Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.
- 16) Atkvæðagreiðsla um:
  - a) lagabreytingar,
  - b) starfsáætlun til eins árs,
  - c) fjárhagsáætlun til eins árs,
  - d) tillögu stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda,
  - e) almennar tillögur.
- 17) Kosningar.
- 18) Kosning fulltrúa á íþróttahing ÍSÍ.
- 19) Önnur mál.
- 20) **Þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.**
- 21) Ávarp formanns.
- 22) Þingslit.

Stjórn FSÍ skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ, aðildarfélögum og sambandsaðilum FSÍ þinggerð ársþings og gildandi lög og reglugerðir sambandsins í síðasta lagi 1. ágúst ár hvert.

### **Greinargerð:**

Breytingarnar eru lagðar fram til að straumlínulaga starfssemi þingsins.

Undanfarin ár hefur hvert Fimleikaþing hafist á því að dagskrá þingsins tekur breytingum. Þeir gestir sem hyggjast ávarpa þingið leitast eftir því að fá orðið eftir að formaður hefur lagt fram skýrslu stjórnar sem gefur mynd af starfi hreyfingarinnar.





Þinggerð Fimleikaþings ársins áður hefur verið staðfest í upphafi þings, sá liður hefur verið tekinn út og nýjum lið nr. 20) bætt inn, sem felur í sér að þingforseta og þingritara er falið að ganga frá þinggerð. Er talið eðlilegra að ákvörðun um frágang þinggerðar sé tekin á því þingi sem hún varðar og liggi þá fyrir fljótlega að þingi loknu en eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þingfulltrúar á milli ára eru ekki endilega þeir sömu og því ekki eðlilegt að fela þingfulltrúum næsta þings að samþykkja fundargerð þings sem það mögulega sat ekki, ári síðar. Þingforseta og þingritara verður falið að ganga frá þinggerð og stjórn FSÍ skal í framhaldi senda hana hlutaðeigandi.

-----

## Umræður:

Gerð var grein fyrir tillögunni og greinargerðina sem fylgdi henni.

Ein breyting var gerð á tillögunni eftir ábendingu nefndarmanns, en orðinu „fundargerð“ í viðbótinni var breytt í „þinggerð“ til samræmis við orðalag annars staðar í lögnum.

Rætt var um í tengslum við umræður um dagskrá þingsins hvort eðlilegt sé að bera ársreikning upp til samþykktar eftir svo knappa yfirferð eins og var á þessu þingi. Nefndarmenn voru sammála um að yfirferð verði að vera aðeins ítarlegri og hvöttu til þess að passað verði upp á það í framtíðinni. Annars er það svo að litlu er hægt að breyta í reikningnum á þessu stigi, svo rétt er að bera hann upp til samþykktar á þessum stað í dagskránni, en nánari umræðu um hann er hægt að taka svo á sviði fjárhagsnefndar.

Tillagan var samþykkt einróma í nefndinni með fyrrnefndri tillögu að breytingu.

Tillaga samþykkt samhljóða.

## Þingskjal 4

12. gr og 18. gr. laga – samþykkt í nefnd.

Tillagan er svohljóðandi:

12. gr. Aðrar kosningar

Kosið er í eftirtaldar nefndir FSÍ á fimleikaþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:

- kosning tveggja skoðunarmanna reikninga,
- kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd,
- kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd til tveggja ára,

Um kosningarnar gilda ákvæði 3. mgr. 11. gr.

### Málgrein fellur út.

18. gr. Fastanefndir FSÍ

Á fyrsta stjórnarfundi eftir fimleikaþing skal kjósa í eftirtaldar fastanefndir sambandsins.





Stjórn skal kjósa:

- Fimm manna** tækninefnd karla í áhaldafimleikum,
- Fimm manna** tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum,
- Fimm manna** tækninefnd í hópfimleikum,
- Fimm manna** fræðslu og útbreiðslunefnd,
- Fimm manna** nefnd um fimleika fyrir alla,
- Þriggja manna nefnda um fjáröflunar- og markaðsmál.

## **Stjórn kys formenn ofangreindra nefnda úr hópi nefndarmanna.**

### **Málgrein fellur út**

Fastanefndir **starfa** í umboði stjórnar samkvæmt lögum og reglum sambandsins. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag eða ákvörðunarvald og er þeim óheimilt að stofna til útgjalda eða skuldbinda sambandið fjárhagslega. Stjórn er þó heimilt að fela nefndum ákveðna ábyrgð sem skal skilgreind í starfsreglum nefnda.

Stjórn setur fastanefndum starfs- og **siðareglur** og hefur eftirlit með störfum þeirra. Í starfsreglum nefnda skal kveðið á um verkaskiptingu innan nefnda, boðun funda, fundargerðir, birtingu fundargerða, hæfi o.fl.

### **Málgrein fellur út**

Nefndarmenn í nefndum á vegum FSÍ sækja umboð sitt til stjórnar FSÍ og getur stjórn afturkallað það umboð gagnvart einstaka nefndarmanni og/eða nefnd í heild sinni og skipað annan nefndarmann í hans stað og/eða alla nefndarmenn ef því er að skipta. **Málgrein fellur út.**

Stjórn er heimilt að skipa nefndir um tímabundin og afmörkuð verkefni.

### **Greinargerð:**

Allar breytingar á lögum sérsambanda þurfa að hljóta samþykki bæði þings viðkomandi sérsambands sem og laganefndar ÍSÍ. Núverandi lagaákvæði hefur ekki fengið samþykki laganefndar ÍSÍ, þess vegna er þessi tillaga lögð fram.

Á Fimleikabingi árið 2012 voru gerðar breytingar á skipan stjórnar þar sem lagt var til að formenn tækninefnda væru kosnir á Fimleikabingi og þeir tækju jafnframt sæti í stjórn FSÍ. Jafnframt var gert ráð fyrir að formenn tækninefnda þyrftu að uppfylla tiltekin hæfisskilyrði. ÍSÍ gerði athugasemd við að sett væru hæfisskilyrði fyrir kjörgengi í stjórn sérsambanda ÍSÍ. Þá var einnig hafnað að gerð væri krafa um að formenn tækninefnda uppfylltu hæfisskilyrði. Þá var á fimleikabingi árið 2013 gerð breyting á lögum FSÍ þar sem gerðar voru breytingar á skipan stjórnar og fastanefnda, m.a. að formenn nefnda væru kosnir á Fimleikabingi og jafnframt að fastanefndir FSÍ eigi rétt til að tilnefna einn fulltrúa til setu á hverjum stjórnarfundi FSÍ með málfrelsi og tillögurétt.

Með lagabreytingunni sem nú er lögð fram er lagt til að skipan allra nefndarmanna í tækninefndir fari fram með sama hætti. Stjórn mun því tilnefna alla nefndarmenn eins, og því verður ekki gert ráð fyrir sérstakri kosningu á Fimleikabingi um einn nefndarmann í tækninefnd umfram alla aðra í sömu nefnd. Því mun stjórn FSÍ kjósa formann ásamt fjögurra manna nefnd. Með þessu er t.d. tryggt að alltaf sé formaður að störfum í fastanefndum sambandsins. (ef að formaður forfallast er ekki hægt að setja annan formann, þar sem hann er kosinn á þingi). Þá er tillagan í samræmi við niðurstöðu nýafstaðins þings alþjóðafimleika-sambandsins (FIG) þar sem fram kom að eftir tvö ár mun reglum FIG verða breytt í þá veru að formenn nefnda taki ekki lengur setu í stjórn. Þess má einnig geta að mörg önnur sérsambönd skipa með þessum hætti í sínar nefndir, ss. HSÍ, KSÍ sem og ÍSÍ. Hér er því verið að færa starfshætti FSÍ nær því sem almennt tíðkast.





Þá eru lagðar til smávægilegar breytingar s.s. að stjórn setji fastanefndum bæði starfs- og siðareglur. Jafnframt er lagt til að fallið verði frá því að birta fundargerðir fastanefnda á heimasíðu FSÍ. Byggist sú breyting m.a. á því að fastanefndir fjalla oft á tíðum um mál sem varða persónuleg málefni iðkenda hreyfingarinnar sem ekki er rétt að verði gerð opinber.

-----

Umræður:

Gerð var grein fyrir tillögunni og saga þessa ákvæðis í lögnum rakin, hvernig upphafleg hugsun gekk ekki upp þar sem formenn nefndanna áttu upphaflega að verða stjórnarmenn í FSÍ, en ÍSÍ samþykkti þetta ekki þar sem hæfisskilyrði voru sett fyrir formennsku í nefndunum en ekki má setja hæfisskilyrði fyrir stjórnarsetu hjá FSÍ.

Rætt var um hvort þetta fyrirkomulag myndi bjóða upp á of mikið einræði stjórnar og hvernig eigi að tryggja það að faglega yrði staðið að skipun formanna nefnda. Á móti komu þau sjónarmið að þingið kýs stjórnarmenn FSÍ og hlýtur að kjósa þar inn fólk sem treystandi er til þessara starfa. Einnig komu fram þau sjónarmið að tryggja þyrfti gegnsætt ferli sem stjórn færi eftir í þessum efnunum.

Sólveig lýsti einnig nánar aðdraganda tillögunnar, skoðun FSÍ á hvernig þessi mál hafa verið að þróast hjá öðrum sérsamböndum, auk erlendra fimleikasambanda, ÍSÍ o.fl. félögum. Þannig virðist þetta form vera að virka annars staðar.

Líflegar umræður voru um það í nefndinni hvort mögulega ætti að setja takmörk á það hversu lengi formenn nefnda geti gegnt formennsku í nefnd, t.d. í 4 eða 8 ár. Rætt var um kosti þess og galla, en þar vegast á sjónarmið um sérþekkingu sem gæti glatast og svo það sjónarmið að fólk geti orðið of heimakært í sínu sæti. Ljóst er að tillögur um slíkt er ekki hægt að leggja fram á þessu þingi, en nefndin taldi gott að koma þessum hugmyndum að til umhugsunar til framtíðar.

Meirihluti nefndarinnar var sammála um að betra gæti verið að nefndirnar séu í heild skipaðar af stjórn FSÍ, en umræða varð um það hvort það færi kannski betur á því að nefndarmenn sjálfir kjósi sér formann hvernar nefndar frekar en að stjórn FSÍ geri það. Í tengslum við þá umræðu kom fram það sjónarmið að gallinn við það gæti þó verið sá að stundum vill fólk ákveða hvort það gefur kost á sér í nefnd eða ekki út frá því hver muni leiða nefndina sem formaður hennar. Voru mjög mismunandi skoðanir nefndarmanna á þessu.

Lokaniðurstaða nefndarinnar varð því sú að leggja til óbreytta tillögu stjórnar, þ.e. þannig að stjórn skipi alla nefndina og formenn þeirra sérstaklega.

Það er þó rétt að taka það fram að niðurstaðan var ekki einróma í nefndinni og mörg mismunandi sjónarmið sem komu fram eins og lýst er að framan.

Samþykkt með 44 atkvæðum gegn 12 mótatkvæðum



## **Þingskjal 5**

19. gr. laga – samþykkt í nefnd.

Tillagan er svohljóðandi:

### **19. gr. Laga- og reglunefnd, kjörnefnd og aga- og siðanefnd**

#### **Laga – og reglunefnd**

Nefndin er stjórn FSÍ til ráðgjafar um lög og reglur sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Nefndin vinnur að öðru leyti þau verkefni sem henni eru falin í starfsreglum.

#### **Kjörnefnd**

Nefndin tekur á móti tillögum um skipun í stjórn FSÍ og annarra trúnaðarstarfa sem kosið er til á fimleikaþingi og leggur fyrir fimleikaþing.

#### **Aga- og siðanefnd**

Aga- og siðanefnd FSÍ skal skipuð 3 mönnum. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður. Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn FSÍ og aðildarfélögin þegar kemur að málefnum sem snerta aga- og siðareglur sambandsins.

#### **Heilbrigðisnefnd**

Heilbrigðisnefnd skal skipuð 4 mönnum. Ábyrgðarmaður skal hafa menntun á sviði heilbrigðismála s.s. Læknir, hjúkrunarfræðingur, sjúkrabjálfi eða sjúkraflutningamaður. Einnig skal hann hafa góða þekkingu á fyrstu hjálpi. Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og aðildarfélög sambandsins um heilbrigðismál og fræðslu.

#### **Greinargerð:**

Unnið hefur verið að aga- og siðareglum FSÍ og því rökrétt næsta skref að nefnd verði sett á laggirnar til að sinna þeim málaflökki sem svo sannarlega þarf að sinna betur hjá hreyfingunni.

Í samræmi við heimild í 18. gr. laganna skipaði stjórn nefnd tímabundið um heilbrigðismál í febrúar 2017. um tímabundin og afmörkuð verkefni. Heilbrigðisnefnd hefur tekið til starfa hjá sambandinu í umboði stjórnar. Störf hennar hafa gefist mjög vel og telur stjórn því að hún eigi að fá sinn stað í lögum sambandsins.

#### **Umræður:**

Gerð var grein fyrir tillögunni og greinargerðina með henni. Einnig ver gerð grein fyrir því, og eftir að hafa meðal annars borið það undir ÍSÍ, að þá sé hugsunin sú að aga- og siðanefnd sé ráðgefandi fyrir stjórn, en sé ekki hugsuð sem nefnd með úrskurðarvald í neinum þeim málum sem hugsanlega koma upp á þessu sviði.

Rætt var um að aga- og siðareglur verði einnig settar og séu þegar í vinnslu hjá stjórn FSÍ.

Nefndin var einróma sammála um að styðja þessa tillögu.

Tillaga samþykkt samhljóða.





## Fjárhagsnefnd

### **Þingskjal 12**

Tillaga Stjórnunnar um systkinaafslátt – Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Tillagan er svohljóðandi:

*Ef systkini veljast til þátttöku í sama landsliðsverkefni skal FSÍ taka þátt í kostnaði þeirra og greiða fyrir þátttöku þess systkinis sem ódýrara er.*

Tillögu vísað til stjórnar.

### **Þingskjal 13**

Tillaga Stjórnunnar um mótagjöld – nefndin leggur fram að tillagan verði ekki lögð fram heldur að áfram verði unnið eftir núverandi reglugerð þar sem 1/3 fer til félags, 1/3 í landsliðsverkefni og 1/3 til FSÍ.

Tillagan kemur ekki til afgreiðslu.

### **Þingskjal 14**

Tillaga Stjórnunnar um dómargreiðslur – samþykkt í nefnd.

Tillagan er svohljóðandi:

*Þing FSÍ haldið á Akureyri 29. apríl 2017 skorar á stjórn FSÍ að framfylgja þingsamþykkt frá árinu 2014 um að taka yfir launagreiðslur dómara á öllum FSÍ mótum frá og með næsta hausti.*

*Þrjú ár eru síðan tillagan var samþykkt á þingi og fögnum við því að skref hafa verið tekin í rétta átt en mikilvægt er að stjórn FSÍ gangi skrefið til fulls líkt og þingheimur samþykkti 2014.*

Tillaga samþykkt samhljóða.

### **Þingskjal 16**

Fjárhagsáætlun - samþykkt í nefnd.



	2018	2017	2017	2016	2016
	Áætlun	endursk. Áætlun	Áætlun	Raun	endursk. Áætlun
<b>TEKJUR</b>					
Útbreiðslustyrkur ÍSí	3.000.000	3.000.000	2.940.000	3.261.945	2.940.000
Ríkisstyrkur	3.600.000	3.600.000	3.100.000	3.000.000	3.100.000
Lottó	12.000.000	12.000.000	8.400.000	10.739.064	8.400.000
Tekjur af mótum og sýningum innanlands	17.055.674	15.514.249	11.421.650	13.560.003	11.421.650
Tekjur af námskeiðum og fræðslunefni	8.014.000	6.650.000	7.500.000	2.424.000	4.100.000
Tekjur v/alþjóðlegra móta, sýninga og námskeiða	68.342.573	13.299.140	5.225.000	70.482.213	74.494.725
Aðrir styrkir og ýmsar tekjur:	35.000.000	57.500.000	57.500.000	51.449.310	52.700.000
Þjónustugjöld/Leyfiskerfi	27.614.950	18.750.000	18.750.000	27.157.050	15.490.375
<b>TEKJUR ALLS:</b>	<b>174.627.197</b>	<b>130.313.389</b>	<b>114.836.650</b>	<b>182.073.585</b>	<b>172.646.750</b>
<b>GJÖLD</b>					
Rekstrargjöld skrifstofu	43.750.571	38.293.388	37.783.555	35.491.839	32.154.929
Kostnaður v/móta og sýninga erlendis	88.953.557	30.096.865	25.390.500	91.916.021	88.977.727
Kostnaður v/alþjóðlegra funda og fleira	3.000.000	2.500.000	2.500.000	3.553.548	3.130.000
Laun og annar kostnaður v/námskeiða og fræðsluefnis	9.072.000	13.400.000	9.800.000	11.066.176	3.800.000
Kostnaður v/fimleikamóta innanlands	37.058.211	39.028.562	38.300.000	29.765.119	38.301.727
Veittir styrkir og annar kostnaður		3.000.000	3.000.000		3.000.000
Endurgreidd mótagjöld				0	
Leyfiskerfi				1.146.381	
Afskriftir				807.540	
Annað		500.000	500.000		
<b>GJÖLD ALLS:</b>	<b>172.762.339</b>	<b>126.818.815</b>	<b>117.274.055</b>	<b>173.746.624</b>	<b>169.364.383</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>					
Vaxtatekjur og gengismunur	500.000	500.000	500.000	606.640	500.000
Vaxtagjöld og verðbætur	200.000	200.000	30.000	318.646	30.000
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls:</b>		300.000	470.000	287.994	470.000
<b>HAGNAÐUR / TAP:</b>	<b>1.864.858</b>	<b>3.794.574</b>	<b>-1.967.405</b>	<b>8.614.955</b>	<b>3.752.367</b>

Tillaga samþykkt samhljóða

## Þingskjal 17

Starfsáætlun – samþykkt í nefnd.



**2017**

UEG þjálfaranámskeið MAG	3.júl	13.júl	Tirrenia
UEG þjálfaranámskeið WAG	14.júl	24.júl	Tirrenia
EYOF í áhaldafimleikum	23.júl	30.júl	Győr
Norrænn fræðslu og þróunarfundur	26.júl	30.júl	Noregur
Heimsbikarmót í áhaldafimleikum MAG/WAG	8.sep	10.sep	Ungverjaland
Norður Evrópumót	21.okt	22.okt	Færeyjar
Heimsmeistaramót í áhaldafimleikum	2.okt	8.okt	Montreal
Norðurlandamót í TeamGym	10.nóv	12.nóv	Svíþjóð
Heimsbikarmót í áhaldafimleikum MAG/WAG	23.nóv	26.nóv	Cuttbus
UEG congress	1.des	3.des	Króatía

**2018**

Berlínar Cup MAG unglingar	mars/apríl	mars/apríl	Berlín
FIG colloquium FFA	mars/apríl	mars/apríl	
Norrænn Formanna og framkvæmdastjóra fundur	apríl	apríl	Færeyjar
Norðurlandamót unglinga í TeamGym	apríl	apríl	Finnland
Norðurlandamót jun/sen MAG/WAG	apríl	apríl	Danmörk
Eurogym sýningarhátíð	15.júl	19.júl	Liège
EM í áhaldafimleikum jun/sen WAG	1.ágú	5.ágú	Glasgow
EM í áhaldafimleikum jun/sen MAG	8.ágú	12.ágú	Glasgow
Heimsbikarmót í áhaldafimleikum MAG/WAG	sept	sept	
Golden Age sýningarhátíð	16.sep	21.sep	Pesaro
Norður Evrópumót í áhaldafimleikum	okt	okt	
Evrópumót í TeamGym	15.okt	21.okt	Portúgal
Youth Olympic Games	6.okt	18.okt	Buenos Aires
Heimsmeistaramót í áhaldafimleikum	25.okt	3.nóv	Doha
Heimsbikarmót í áhaldafimleikum MAG/WAG	22.nóv	25.nóv	Cuttbus
FIG congress	28.nóv	1.des	

Samþykkt samhljóða

## 18 Kosningar - frambjóðendur kynna sig

Kosið skyldi til stjórnar og allra fastranefnda.

### 18.1 Kosning stjórnar

#### Formaður

Arnar Ólafsson



**Meðstjórnandur til tveggja ára**

Kristín Ívarsdóttir

Kristinn Arason

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

**Meðstjórnandur til eins árs**

Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir

Þór Ólafsson

Hulda Árnadóttir

**Varamenn**

Guðrún Tryggvadóttir

Inga Valdís Tómasdóttir

**18.2 Aðrar kosningar.**

- a) Formaður tækninefndar karla*  
Anton Heiðar Þórólfsson
- b) Formaður tækninefndar kvenna*  
Berglind Pétursdóttir
- c) Formaður Tækninefndar í hópfimleikum*  
Berglind Pétursdóttir
- d) Skoðunarmenn reikninga*  
Jochum Marth Ulriksson  
Hafsteinn Þórðarson
- e) kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.*  
Vísað til stjórnar
- f) kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd til tveggja ára.*  
Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir  
Hjalti Geir Erlendsson



Þóra Margrét Hjaltested

- g) Kosning formanns fræðslunefndar.*  
Hlín Bjarnadóttir
- h) Kosning formanns nefndar um fimleika fyrir alla*  
Hlíf Þorgeirsdóttir
- i) Val fulltrúa á Íþróttabing*  
Vísað til stjórnar

## 19 Önnur mál

Rannveig Jóhannsdóttir hjá FimAk steig upp í pontu. Hún óskar eftir því að settar verði reglur hjá FSÍ þar sem að foreldrum er ekki leyft að dæma barnið sitt í keppni. Hún leggur til að upplýsingarfundur FSÍ verði sendur út á vefnum, til dæmis með Skype. Hún spyr einnig hvort að hægt sé að taka fundinn upp?

Hún vildi einnig svara því sem áður kom fram í ávarpi Inga Þórs um að á heimasíðu FimAk má finna upplýsingar um menntun þjálfara og að varðandi gagnrýni hans um að ekki sé verið að upplýsa foreldra, þá er FimAk að halda námskeið fyrir foreldra um hvernig verið er að þjálfa krakkana og hvað er verið að gera.

Harpa Þorlákssdóttir formaður Gerplu steig í pontu og þakkaði FimAk fyrir frábæra umgjörð á Akureyri.

Auður Vala Gunnarsdóttir frá Hetti steig upp í pontu, hrósar FSÍ fyrir marga góða hluti sem eru að gerast. En að það vakti furðu hennar að á þinginu hafi komið fram sú umræða að félög eru misdugleg að skrá í leyfiskerfið og spyr FSÍ hvað á að gera varðandi það? Hún telur ekki réttlátt að sum félög greiði fyrir alla sína iðkendur leyfisgjöld á meðan aðrir eru ekki að gera það. Hún minnir á að þegar leyfisgjöldin voru sett á áttu allir að fá senda pakka frá FSÍ, hann hefur ekki borist, hver er ástæðan?

Halla Kari Hjaltested úr Fjölni steig upp í pontu, vill taka undir orð Hörpu að það sé frábært að koma til Akureyrar. Hún vill þakka starfsmönnum skrifstofu fyrir góðan árangur, talar um að útlit á gögnum sem send eru út frá skrifstofu líta vel út. Hrósar fræðslunefndinni fyrir frábært starf, vel staðið að parkour námskeiðinu sem gekk mjög vel og komu upplýsingar mjög tímanlega út til félaganna.

Sólveig framkvæmdastjóri FSÍ kemur upp í pontu og svarar því að það væri frábært að hafa upplýsingafundinn á Skype og það verður skoðað. Varðandi gjafirnar sem Auður Vala nefnir þá vantaði upplýsingar um heimilisföng til þess að senda gjafirnar á iðkendurna. Skrifstofan hefur



rekið sig á hindranir varðandi þessar gjafir, þöntun tók miklu lengri tíma en búist var við og ýmislegt óvænt kom upp á sem ekki var gert ráð fyrir.

## 20 Ávarp formanns.

Nýkjörinn formaður Fimleikasambandsins þakkar traustið og þakkar þingfulltrúum fyrir komuna á þingið.

## 21 Þingslit.

Þingi slitið klukkan 17:21

